

Þekkingarsetrið Nýheimar

Stjórnarfundur 25.9. 2013 kl 8:15

Árdís Erla Halldórsdóttir, Fanney Björg Sveinsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Davíð Kjartansson, Vigfús Ásbjörnsson, Kristín Hermannsdóttir, Tinna Björk Arnardóttir og Eyjólfur Guðmundsson.

Dagskrá

1. **Umhverfisstefna Nýheima.** Árdís greindi frá því að sveitarfélagið væri að taka upp nýtt kerfi í október sem þarf þá að tengja við flokkun sorps í Nýheimum. Ákveðið að kalla saman þann hóp sem myndaður hefur verið um endurskoðun á umhverfisstefnu Nýheima. Hópurinn skilar af sér á stjórnarfundum þann 23.10.
2. **Kaffistofa.** Rætt um skipulag kaffistofu á háskólagangi. Lagt til að Hornafjarðarsöfn taki að sér reksturinn og rukki aðra sem nýta sér aðstöðuna. Ragnhildur ræðir við Völu um þetta.
3. **Önnur mál**
 - a. **Veitingasalann í Nýheimum.** Spurt um hvort einhverjar umsóknir hafi borist um starf matráðs eftir að auglýst var í Eystrahorni í síðustu viku Eyjólfur greindi frá því að tvær umsóknir hafi borist. Veitingaþjónustuaðili hefur einnig sóst eftir því að taka að sér reksturinn. Skýrist vonandi í næstu viku.
 - b. **Tinna spyr um ráðstöfun á styrk til þróunar Nýheima og annarra verkefna.** Af þeim 15 milljónum sem veit var fóru um átta í uppbyggingu á Klaustri og í Vík, um fjórar hafa farið í Vöruhúsið og um ein í stofnun Þekkingarseturs Nýheima. Spurt vegna hugmynda um að kaupa aðgang að GIS-kerfi sem gagnast myndi mörgum í Nýheimum.
 - c. **Heimasókn menntamálaráðherra.** Spurt um heimasókn menntamálaráðherra og afdrif þeirra erinda sem voru borin upp við hann. Umræðu um málið en ekki ljóst hver afgreiðslan verður en kemur í ljós við afgreiðslu fjárlaga.
 - d. **Vefsíða Nýheima.** Málið rætt almennt og ákveðið að taka það fyrir á næsta fundi.
 - e. **Skipulag funda.** Eyjólfur velti fyrir sér skipulagi funda og fundastjórn. Fanney benti á mikilvægi þess að þau mál sem ætti að taka fyrir á fundi væru á dagskrá. Fundarmenn voru sammála um að allir myndu bæta þau vinnubrögð og var lagt til að fundarmenn sendi inn erindi til fundarstjóra í síðasta lagi daginn fyrir fund og að undarstjóri hvers fundar sendi út áminningu á fundarmenn ca.2 dögum til að minna á þetta.

Fundi slitið 9:05

Fundagerð Eyjólfur